

# Minnisblað

Til: Bæjarstjórn  
Frá: Dagný Finnbjörnsdóttir, íþróttá- og æskulýðsfulltrúi  
Dags. 5. mars 2024  
Mnr. 2024030029



ÍSAFJARÐARBÆR

## **Minnisblað – Reglur Ísafjarðarbæjar um styrkveitingu og úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum til íþróttafélaga og almennings**

Á 1. fundi skóla-, íþróttá- og tómstundanefndar þann 29. febrúar 2024 voru teknar fyrir reglur um úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum. Niðurstaða nefndarinnar var að vísa reglunum til bæjarstjórnar til samþykktar.

Undanfarin ár hefur HSV úthlutað tímum með samskonar hætti og reglurnar segja til um en þar sem engar reglur voru til var erfitt að rökstyðja niðurstöður úthlutunar. Markmið með þessum reglum er að úthlutunin fari fram með faglegri hætti og gætt sé jafnræðis við úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum og á íþróttasvæðum sveitarfélagsins.

Úthlutunarreglurnar eru unnar eftir fyrirmynd frá öðrum sveitarfélögum. Drög að reglum voru send á íþróttahreyfinguna og óskað eftir athugasemdum. Þær athugasemdir sem bárust voru m.a. að leik-, grunn og framhaldsskólar hafi forgang til 14:00 á daginn og að aðildarfélög hefðu heimild til að lána tímana sína áfram sjái þau ekki framá að nýta tímann. Slíkt fyrirkomulag er reyndar í gangi í dag en þarf að bæta upplýsingaflæði til starfsfólk íþróttamannvirkja séu tímar lánaðir á milli félaga eða flokka.

**Lagt er til við bæjarstjórn að samþykkja reglur um styrkveitingu og úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum til íþróttafélaga og almennings.**